

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga.

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, með síðari breytingum, skulu hækka frá 1. mars 1991 að telja um 0,3% til viðbótar þeim 2,5% sem ákveðnar voru með reglugerð nr. 68/1991. Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971, með síðari breytingum skulu því hækka frá 1. mars 1991 um 2,8% frá því sem þær voru í febrúar 1991.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. mars 1991.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

20. tl. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Vémundar, sem er Berunes-, Búða-, Fáskrúðs-fjarðar-, Breiðdals- og Stöðvarhreppur, allir í Suður-Múlasýslu. Hámarkstala er 12 vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 5. mars 1991.

Steingrímur J. Sigfússon.

Elín Helgadóttir.